

1865.

9. janúar.

skýrslu bæjarstjórnarinnar um þær, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar,

um 1. spurningu, að oddviti bæjarfulltrúanna ekki virðist hafa neina heimild til þess að reikna sér neina þóknun fyrir að rita í fundabókina, nè fyrir að semja bréf þau og ályktanir, sem þurfa þykir, enda verður ekki sæð á skjölum þeim, sem hingað hafa verið send, að krafist hafi verið neinnar borgunar fyrir þessi störf, en að menn á hinn bóginn ekki geti ætlað til, að hann borgunarlaust láti hreinskrifa bréf bæjarstjórnarinnar og rita þau í bréfabókina.

um 2. spurningu, að kveða ber já við þessari spurningu, og það því fremur, sem opið bréf frá 3. júnímán. 1842, sem lögleiðt er á Íslandi með konungsúrskurði frá 14. júlímán. 1847, veitir valdsmönnum heimild til þess að taka lögákveðna borgun fyrir uppboð í þarfir stjórnarinnar.

## 6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á dómsgjörðum.

9. janúar.

Með bréfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað dómsgjörðir, sem rituð var á stefna til hæstaréttar, í sakamáli, er höfðað hefir verið á móti Guðmundi Jónssyni og Ingvaldi Jónsdóttur frá Vorsabæ fyrir óhlýðni við yfirvaldsúrskurð um, að þau skyldu flytja hvort frá öðru, og er málið móti Guðmundi Jónssyni þar að auki höfðað fyrir hórbot í annað skipti. Um sama leiti barst dómsmálastjórninni bænarskrá frá Jóni Péturssyni, dómara í yfirdómi Íslands, um að dómsmálastjórnin láti greiða honum borgun þá, sem, einsog hann að orði kemst, er vant að greiða þegar svo er ástatt, fyrir útleggingu þá á dómsgjörðunum, er hann eptir boði yðar hefir samið, en það er 48 skildingar fyrir hverja örk.

Um leið og þess skal getið, að dómsmálastjórnin í dag hefir látið boð út ganga um að máli þessu verði skotið til hæstaréttar, eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir um að tilkynna Jóni yfirdómara Péturssyni, að með því að búið er að

1865.  
9. janúar. skjóta máli því, sem hér er um rædt, til hæstaréttar, getur það, hvaða úrslit sem málið fær, samkvæmt konungsúrskurði frá 27. aprílmán. 1822 og 12. aprílmán. 1834 ekki verið umtalsmál að veita honum nokkra sérstaka borgun fyrir að útleggja dómsgjörðirnar.

12. janúar. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaunsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum af skipbroti.**

Með bréfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu á dönsku af vottorði, sem borið hefir verið fyrir aukarétti Skaptafells sýslu 21. júnímán. f. á., um hina ágæta framgöngu Ingvars bónda Runólfssonar í Hvammi og Magnúsar bónda Runólfssonar á Skagnesi til þess að bjarga skipshöfninni á báti, sem fórst í lendingu í Reynishöfn, og hafið þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þetta mál.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem sannast hafa, hefir veitt bændum þessum 16 ríkisdala verðlaun, og bera Ingvari Runólfssyni 10 rd. af þeim, en Magnúsi Runólfssyni 6 rd. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fé þetta úr jarðabókar-sjóðnum, þegar þér krefist þess.

12. janúar. **8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmaunsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekapart á Grjótnesi.**

Með bréfi dagsettu 6. ágústmán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Árnasyni og Kristjáni Árnasyni, er eiga jörðina Grjótnes í Þingeyjar sýslu; sækja þeir enn á ný<sup>1</sup> um að fá keyptan hálfan reka fyrir Grjótnes

<sup>1</sup>) Sbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands 1. bindi 517. bls.